

ÚtgefandiLæknafélag Íslands
Læknafélag Reykjavíkur**Ritstjórn**Engilbert Sigurðsson,
ritstjóri og ábyrgðarmaður
Anna Gunnarsdóttir
Gylfi Óskarsson
Hannes Hrafnkelsson
Sigurbergur Kárason
Tómas Guðbjartsson
Pórdís Jóna Hrafnkelsdóttir
Þórunn Jónsdóttir**Tölfræðilegur ráðgjafi**

Thor Aspelund

RitstjórnarfulltrúiPröstur Haraldsson
Védís Skarphéðinsdóttir
(í leyfi)
vedis@lis.is**Blaðamaður og****ljósmyndari**Hávar Sigurjónsson
havar@lis.is**Auglýsingastjóri og ritari**Sigdís Þóra Sigþórsdóttir
sigdis@lis.is**Umbrot**Sævar Guðbjörnsson
saevar@lis.is**Upplag**

1700

Áskrift12.400,- m. vsk.
Lausasala
1240,- m. vsk.**Prentun, bókband****og pökkun**Oddi,
umhverfisvottuð
prentsmiðja
Höfðabakka 3-7
110 Reykjavík**© Lækna blaðið**

Lækna blaðið áskilur sér rétt til að birta og geyma efni blaðsins á rafrænu formi, svo sem á netinu. Blað þetta má eigi afrita með neinum hætti, hvorki að hluta né í heild, án leyfis.

Fræðigreinar Lækna blaðsins eru skráðar (höfundar, greinarheiti og útdrættir) í eftirtalda gagnagrunna: Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition og Scopus.

The scientific contents of the Icelandic Medical Journal are indexed and abstracted in Medline (National Library of Medicine), Science Citation Index (SciSearch), Journal Citation Reports/Science Edition and Scopus.

ISSN: 0023-7213



Eitt af heilsárhúsum félagsins í landi Brekkuskógar í Biskupstungum.

Góð nýting orlofshúsanna

Orlofshús og íbúðir Lækna félags Íslands eru í stöðugri notkun árið um kring og í ár bættust tvær nýjar íbúðir við úrvalið. Ein við Skálatún á Akureyri og stórt og glæsilegt heilsárhús í Úlfsstaðaskógi við Egilsstaði. Úlfsstaðaskógur er ca 10 km frá Egilsstöðum í suðaustur, um það bil 10 mínútna akstur. Húsið er rúmlega 100 fm á tveimur hæðum og skiptist í 3 svefnherbergi með svefnplássi fyrir 6 manns í rúmi + 2 dýnur. Setustofa er vel búin húsmunum með útvarpi/geislaspilara, sjónvarp er á efri hæðinni ásamt DVD spilara. Í eldhúsi eru öll helstu eldhúsáhöld og rafmagnstæki. Þvottavél er í þvottahúsi. Við húsið er verönd með gasgrilli og borði ásamt sólstólum. Einnig er heitur pottur við húsið.

Íbúðin við Skálatún er ekki síður góður kostur. Hún er 99 fm. 3ja herbergja á jarðhæð með heitum potti og sólpalli við Skálatún 37 Akureyri.

Þessar lýsingar eiga reyndar í aðalatriðum við öll 14 orlofshús og íbúðir sem standa félögum í LÍ til boða en af og til koma upp tilkynningar um forföll á bókunum og þá er um að gera að grípa tækifærið og skella sér yfir helgi eða eina viku og njóta næðis frá erli hversdagsins í sveitakyrrðinni eða í þéttbýli á Suður-, Norður- eða Vesturlandi. Sjá allt um orlofshús og íbúðir LÍ á orlofsvef félagsins www.lis.is

LISTAMAÐUR MÁNAÐARINS

Myndlistarmaðurinn Úlfur Grönvold (f. 1966) framdi nýver-
ið gjörning á barnum á Hótel Holti í tengslum við listahá-
tíðina Sequences. Gjörningurinn ber heitið **Teikning nr.**

5 og er ný útgáfa af verki sem hann hefur flutt áður við aðrar kringumstæður. Umhverfið léði gjörningnum að þessu sinni spennandi tengingar þar sem hinar þekktu hausamyndir Kjarvals sem varðveittar eru á hótelnarum sýna fjölbreytt stílbrögð einhvers færasta teiknara íslenskrar listasögu. Úlfur kom sér fyrir í einu horninu, hengdi þar upp pappírarkir, klæddi sig úr að ofan og tók síðan til við að binda símaskrá við fætur sér. Skránni kom hann fyrir undir iljunum og festi síðan með því að rúlla sterku límbandi hring eftir hring, uns hann var rígbundinn. Þá kom hann sér fyrir í horninu með útrétta handlegg og tússpenna í hvorri hönd. Nú hófst mikill atgangur þar sem listamað-



urinn dró línur eftir pappírnum með því að hoppa fram og til baka bundinn við símaskrána í báða fætur og með læsta útrétta arma. Hann byrjaði á hækjum sér og smám saman reis hann upp. Þessu fylgdi töluverð áreynsla og svitinn bogaði af honum eftir því sem línurnar lásu sig upp eftir pappírnum. Þegar Úlfur var orðinn teinréttur og komst ekki hærra hætti hann að teikna og skar símaskrána lausa. Hann blaðaði í henni stutta stund, merkti við á vísun stað og lagði á gólfíð hjá teikningunum. Þá vék hann frá og leyfði áhorfendum að skoða

afraksturinn í návígi. Hann hafði flett sjálfum sér upp í símaskránni og merkt nafn sitt með gulum yfirstrikunarpenna: „Úlfur Grönvold, teiknari“.

Markús Þór Andrésson